

23. Mállaus ræðumaður

Lestu af vörum mínum!



Málefni	Mismunun, heilbrigði, þátttaka
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	8–13 ára
Tími	45 mínútur
Hópstærð	6–21 barn
Tegund verkefnis	Hlutverkaleikur, spurningakeppni
Yfirlit	Börnin lesa grein úr Barnasáttmálanum án þess að gefa frá sér hljóð; félagar þeirra reyna að finna út hvaða grein það er með því að lesa af vörum þeirra
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að öðlast skilning á erfiðleikum heyrnarlausra • Að skilja hvað felst í varalestri og hvenær sú hæfni kemur sér vel • Að fara yfir greinar í Barnasáttmálanum • Að skilja hvers vegna jákvæð mismunun er nauðsynleg
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Búðu til spjöld með völdum greinum úr Barnasáttmálanum fyrir hvert barn. Á hverju spjaldi á að standa heiti og númer greinarinnar og stytta textinn. • Skerðu út kassa þannig að hann líti út eins og rammi utan um sjónvarpsskjá fyrir ræðumanninn eða notaðu brúðuleikhús, ef það er fyrir hendi • Ljósritaðu stytta útgáfu Barnasáttmálans fyrir öll börnin
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Spjöld með greinum úr Barnasáttmálanum • Ljósrit af stytta útgáfu Barnasáttmálans • Einhvers konar rammi fyrir þulinn • Poki eða karfa undir spjöldin

Leiðbeiningar

- Segðu börnunum að í þessu verkefni þurfi einn að vera stigavörður og fáðu einhvern sjálfboðaliða í það hlutverk. Skiptu hinum börnunum í þriggja til fjögurra manna hópa. Láttu hvert þeirra fá ljósrit af Barnasáttmálanum. Farðu yfir Barnasáttmálann með þeim til að öruggt sé að allir þekki hann.
- Útskýrðu verkefnið fyrir þeim:
 - Eitt barn úr hverjum hópi á að vera „mállaus ræðumaður“. Stigavörðurinn fær barninu spjald. „Mállausi ræðumaðurinn“ fer síðan bak við rammann, les viðkomandi grein og byrjar á því að nefna númer og heiti greinarinnar. Les síðan allan textann án þess að hika en gefur ekki frá sér neitt hljóð heldur hreyfir bara varirnar. Þeir sem eru í liði með honum reyna að giska á hvaða grein þetta er með því að lesa af vörum ræðumannsins.
 - Stigavörðurinn skráir stigin sem hvert lið fær í lokin. Liðin geta safnað stigum á eftirfarandi hátt:
 - Ef lið skilur bæði heiti og texta greinarinnar fær það þrjú stig.
 - Ef lið getur aðeins nefnt heiti/réttindi greinarinnar fær það eitt stig.
 - Ef lið getur ekki nefnt greinina þegar ræðumaðurinn lýkur máli sínu fær það ekkert stig.
- Hefjið leikinn. Þegar einn úr hverju liði er búinn að leika „mállausa ræðumanninn“ skal tilkynna hvernig stigin standa eftir fyrstu umferð. Liðið sem er með flest stig í þeirri umferð skal byrja næst. Halda skal áfram þar til öll börnin hafa leikið ræðumanninn.



Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Hvernig fannst ykkur að prófa að lesa af vörum? Var það erfitt? Var það gaman? Var það þreytandi?
 - b. Við hvaða aðstæður var auðvelt að lesa af vörum? Erfitt?
 - c. Hvað gerðu þið sem mállausir ræðumenn til að auðvelda hinum að skilja það sem þið sögðu?
 - d. Var auðveldara að skilja suma en aðra?
 - e. Var auðveldara að skilja sum orð en önnur?
2. Tengdu þetta verkefni heyrnarleysi með spurningum á borð við:
 - a. Sumt fólk þarf alltaf að nota varalestur. Hverjir eru það?
 - b. Þekkið þið einhvern sem heyrir illa?
 - c. Vegna stöðu munnsins þegar hljóð er borið fram leyfir varalestur aðeins um þriðjung þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að afkóða það sem er sagt. Hvernig haldið þið að það sé að þurfa alltaf að lesa af vörum? Væri það þreytandi? Væri það gaman?
 - d. Hvaða aðstæður í daglegu lífi geta einkum verið heyrnarskertu fólki erfiðar?
3. Settu heyrnarleysi í samhengi við mannréttindi með spurningum á borð við:
 - a. Hvað gerir heyrnarskertu fólki kleift að lifa og starfa öruggt og ánægt hér á landi? Að taka þátt í samfélaginu?
 - b. Eru heyrnarskert börn með sérþarfir? Hvernig er komið til móts við þær?
 - c. Hvers konar aðstoð veitir samfélagið fólki sem er heyrnarskert? Fólki með annars konar fötlun?
 - d. Hvers konar aðstoð gætu þið veitt fólki sem er heyrnarskert?
 - e. Eiga fatlaðir einstaklingar rétt á að komið sé til móts við þarfir þeirra? Hvers vegna?
 - f. Segðu börnunum að í 23. grein Barnasáttmálans sé skýrt tekið fram að fötluð börn eigi rétt á aðstoð til að geta notið mannréttinda sinna. Hvernig gæti fötlun komið í veg fyrir að börn njóti mannréttinda sinna? Hvers konar aðstoð þurfa þau ef til vill að fá?

Tillögur um framhald

Í verkefninu „Með bundið fyrir augu“, bls. 143, er fjallað um sérþarfir sjónskertra einstaklinga.

Hugmyndir um aðgerðir

- Börnin geta farið í „hljóðlausar könnunarferðir“ um skólann og næsta nágrenni til að meta hvaða aðstæður valda heyrnarskertum börnum mestum vandræðum. Þau geta rannsakað hvað hægt sé að gera til að bæta úr því.
- Börnin geta aflað sér fróðleiks um táknmál sem nú eru viðurkennd sem tungumál. Kynntu þeim hvaða táknmál er notað hér á landi.
- Börnin geta aðstoðað við að búa til hjálpargögn fyrir heyrnarskert börn með því að finna upp á sjónrænum lausnum í stað hljóðskilaboða (t.d. að ræsa kapphlaup með fána í stað flautu), finna myndasögur eða annað myndefni og lesa texta samtímis því sem túlkur „flytur“ hann á táknmáli. Leitaðu hugmynda hjá félagi heyrnarlausra um annað sem börnin gætu gert.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Þessum leik þarf að breyta í samræmi við aldur barnanna, lestrarkunnáttu þeirra og þekkingu á mannréttindum. Ef börnin eru ekki orðin fyllilega læs eða hafa ekki heyrt fyrir um mannréttindi ætti að einfalda leikinn með því að biðja þau að lesa heiti réttindanna en ekki alla greinina.



- Talaðu eins lítið um stigagjöfina og hægt er til að draga ekki athyglina frá markmiðinu með verkefninu. Tilkynntu aðeins um stöðuna í lok hvers umferðar og leyfðu síðan stigahæsta liðinu að hefja næstu umferðina. Ekki vekja athygli á síhækkandi stigatölum í leiknum, þó að börnin kunni að þrýsta á um það.
- Áður en leikurinn hefst er hægt að láta börnin æfa sig fyrir hann með því að segja nafn einhvers annars í hópnum án þess að gefa frá sér hljóð og biðja hin börnin að geta sér til um nafnið.
- Láttu börnin vita hvort þau megi tjá sig með hreyfingum og látbragði. Yngstu börnin þurfa kannski á slíkum vísbendingum að halda.

